

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun Skógafoss, Rangárþingi eystra.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlindaráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Skógafoss í Rangárþingi eystra. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

1. gr.

Nætgisting er einungis heimil á skilgreindu tjaldsvæði, á það við um húsbíla, ferðavagna og tjöld, sbr. kafla 3.4.3.

2. gr.

Óheimilt er að lenda þyrlum innan náttúruvættisins, sbr. kafla 3.8. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.

3. gr.

Óheimilt er að nota ómönnuð loftför innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. kafla 3.8. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.

4. gr.

Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. kafla 3.4.2. Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði þegar slík leyfi eru veitt.

5. gr.

Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð tímabundið á viðkvæmum svæðum þar sem hætta er á jarðvegssrofi og gróðurskemmdum, sbr. kafla 3.5.2.

6. gr.

Til að koma í veg fyrir gróðurskemmdir af völdum hesta er rekstur þeirra ekki leyfður innan náttúruvættisins en ríðandi mönnum er heimil för um hefðbundnar leiðir innan þess, sbr. kafla 3.4.3.

7. gr.

Hjólreiðar eru heimilar á merktum hjólaleiðum og akvegum, sbr. kafla 3.4.3 og 3.5.4.

8. gr.

Gæludýr skulu höfð í taumi innan náttúruvættisins þannig að þau truflfi síður dýralíf og gesti, sbr. kafla 3.2.2.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. apríl 2019.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.